



ORKUSTOFNUN

**Umsögn: Vegalagning Borgarfjarðarbrautar
nýtt vegastæði**

Helgi Torfason

Greinargerð HeTo-97-01

1997 21. maí

UMSÖGN: Veglagning Borgarfjarðarbrautar nýtt vegstæði

Sumarið 1995 skoðaði undirritaður líkleg áhrif af lagningu Borgarfjarðarbrautar á jarðhita við Ásgarð í Reykholtisdalshreppi (greinargerð OS, HeTo-95/04).

1997 er gerð ný áætlun um veg á þessu svæði af Hönnun hf (bréf til Orkustofnunar 25. mars 1997) og eru breytingar þessar á svæðum sem skoðuð voru 1995:

1. Jarðhiti við Ásgarð: Í fyrstu tillögu var veglína 90-100 m sunnan við jarðhita á yfirborði og borholur í eigu Ásgarðs. Í nýrri tillögu að vegi er hann færður í um 220 m suður af jarðhitastaðnum. Ekki var talin hætt á að vegur skv. fyrri tillögu myndi hafa áhrif á jarðhitann og eru enn minni líkur á því skv. nýrri tillögu.
2. Vatnsból er skammt norðan veglínu skv. tillögu 1, en skv. nýrri tillögu er vegur færður sunnar og á að vera um 200 m sunnan vatnsbóls og er það á sama stað og vegur hefur verið hingað til. Ekki er að sjá að það muni breyta neinu um vatnsbólíð.
3. Skoðað var hvar veglína færi um með tilliti til vatnsbóls við Runna. Skv. fyrri tillögu var vatnsból ekki talið í hættu. Skv. nýrri tillögu er vegur færður enn lengra frá vatnsbólinu, handan ár og eru áhrif því enn minni.

Með hliðsjón af fyrri tillögu og þeirri sem nú er kynnt er ekki annað að sjá að breytingar séu jákvæðar með tilliti til jarðhita við Ásgarð og vatnsbóls við Ásgarð og Runna.

Helgi Torfason, 21. maí 1997

MÁ EKKI FJARLÆGJA